

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um greiðslu dráttarvaxta úr ríkissjóði.

1. *Hverju námu greiðslur úr ríkissjóði á dráttarvöxtum árin 1998–2002 af reikningum frá innlendum viðskiptavinum ríkissjóðs?*

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins námu greiddir dráttarvextir á árunum 1998–2002 samtals 583,1 millj. kr. Ekki er unnt að vinna upplýsingar um dráttarvexti eftir þjóðerni viðskiptavina, þar sem sú skipting liggur ekki fyrir í bókhaldi ríkisins. Hluti gjaldfærðra dráttarvaxta er vegna dómkrafna en ekki eiginlegra viðskipta ríkissjóðs. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve háa fjárhæð er að ræða. Gjaldfærðir dráttarvextir ríkissjóðs sundurliðast þannig eftir árum:

Ár	Gjaldfærðir dráttarvextir
1998	79.631
1999	102.097
2000	93.056
2001	69.825
2002	238.501
Samtals	583.110

2. *Eru dæmi þess að ríkissjóður greiði ekki dráttarvexti af reikningum frá viðskiptavinum sínum þótt þeir séu komnir fram yfir sammingsbundinn gjalddaga? Sé svo, við hvaða reglur styðst það?*

Um viðskipti ríkissjóðs gilda sömu reglur og almennt gilda um viðskipti manna í milli. Skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, „...er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.“ Kröfuhafa er því ekki skylt að reikna dráttarvexti af kröfum sínum. Skuldara er að sama skapi heimilt að leita samninga um lækkun eða niðurfellingu dráttarvaxta. Fjármálaráðuneytið hefur ekki sett sérstakar reglur um slíkt og telur ekki þörf á því miðað við núgildandi lög.

Upplýsingar í bókhaldi ríkissjóðs benda ekki til þess að dæmi séu um að ríkissjóður greiði ekki dráttarvexti af reikningum frá viðskiptavinum sínum, þótt þeir séu komnir fram yfir sammingsbundinn gjalddaga. Þó ber að hafa í huga að hyggist aðilar leita eftir niðurfellingu eða lækkun dráttarvaxta er mögulegt að þeir færi ekki dráttarvextina í bókhaldið.